

AUGLÝSING

um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar.

Í samræmi við 6. gr. laga nr. 78/2002, um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, með síðari breytingu, og fjárlög fyrir árið 2018 hefur ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra ákveðið fjárhæð niðurgreiðslna sem hér segir:

a) Niðurgreiðsla á raforku til húshitunar:

| | |
|---|-----------------|
| á veitusvæði HS Veitna | 5,68 kr./kWst., |
| á veitusvæði Orkubús Vestfjarða í dreifbýli | 8,92 kr./kWst., |
| á veitusvæði Orkubús Vestfjarða í þéttbýli | 6,20 kr./kWst., |
| á veitusvæði Rafveitu Reyðarfjarðar | 5,12 kr./kWst., |
| á veitusvæði RARIK í dreifbýli | 8,98 kr./kWst., |
| á veitusvæði RARIK í þéttbýli | 5,37 kr./kWst., |
| á veitusvæði Veitna ohf., | 5,57 kr./kWst., |
| á veitusvæði Norðurorku | 5,53 kr./kWst. |

b) Niðurgreiðsla á vatni frá kyntum hitaveitum:

| | |
|-------------------|---|
| RARIK | 4,35 kr./kWst., |
| Orkubú Vestfjarða | 4,48 kr./kWst., |
| HS Veitur | 144,20 kr./m ³ (3,19 kr./kWst.). |

c) Niðurgreiðsla á olíu til húshitunar.

Niðurgreiðsla á olíu til húshitunar tekur mið af meðaltali niðurgreidds raforkuverðs til húshitunar í dreifbýli, nýtni olíuhitunarkerfis og olíuverðs á hverjum ársfjórðungi samkvæmt útreikningum Orkustofnunar.

d) Niðurgreiðsla á framleiðslu raforku til húshitunar utan almenns dreifikerfis.

Niðurgreiðsla á framleiðslu raforku til húshitunar utan almenns dreifikerfis skal vera 2,0 kr./kWst.

Í samræmi við 6. gr. laga nr. 78/2002, um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, og fjárlög fyrir árið 2019, hefur ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra ákveðið að hámarksfjöldi niðurgreiddra kWst./ári til hitunar verði 40.000 kWst. sem svarar til 888 m³/ári hjá kyntum hitaveitum og 4.480 lítrar af olíu á ári hjá þeim sem hita með olíu.

Fjárhæðir niðurgreiðslna til húshitunar í þéttbýli og dreifbýli, samkvæmt auglýsingu þessari, taka gildi frá og með 1. janúar 2019.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 17. desember 2018.

F. h. ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra,

Ingvi Már Pálsson.

Hreinn Hrafnkelsson.